

Ávarp framkvæmdastjóra
Sambands íslenskra sveitarfélaga á
aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á
Vesturlandi, haldið að Laugum í
Sælingsdal 18. september 2008

Góðir fundarmenn.

Ég þakka fyrir boð ykkar að fá að vera á þessum fundi og fyrir að fá tækifæri til að ávarpa aðalfundinn.

Þann 1. september sl. lét Þórður Skúlason af starfi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir 18 ára farsælt starf. Ég tók við starfinu sama dag. Ég er mjög þakklátur fyrir það traust sem mér er sýnt að fá tækifæri til að gegna þessu mikilvæga starfi. Ég hef um 22 ára reynslu af því að starfa að sveitarstjórnarmálum. Fyrst sem bæjarstjóri á Selfossi og síðar í Árborg í 16 ár og síðan sem sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins í 6 ár. Á þessum árum hef ég setið í fjölda nefnda á vegum sambandsins, m.a. í launanefnd í 16 ár. Ég mun leggja mig allan fram og kappkosta að fyllsta megni að nýta þessa reynslu mína í hinu nýja starfi og vona ég að störf mín í þágu sveitarfélaga verði farsæl.

Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að samvinna mín, sambandsins og stjórnar þess við sveitarstjórnarmenn um land allt verði mikil og nán.

Sveitarstjórnarmenn fá nú starfsáætlanir og ársskýrslur sambandsins í bréfafósti en fundargerðir stjórnar sambandsins og launanefndar í rafrænu formi. Til að efla enn frekar upplýsingamiðun sambandsins til sveitarfélaga hafa framkvæmdarstjórar sveitarfélaga og landshlutasamtaka nú fengið aðgang að öllum gögnum sem lögð eru fram á stjórnarfundum með sérstöku lykilorði. Ég hvet framkvæmdastjórana til að kynna sér þessi gögn vel og dreifa þeim áfram til sveitarstjórnarmanna eins og við getur átt hverju sinni.

Á heimasíðu sambandsins er að finna miklar upplýsingar. Hægt er að gerast áskrifandi að ákveðum þáttum hennar þannig að menn fái sendan

tölvupóst þegar tiltekna upplýsingar bætast við síðuna. Sem dæmi um mikilvæga þætti á síðunni sem vert er að gerast áskrifandi að fyrir almenna sveitarstjórnarmenn er fréttasíðan og einnig upplýsingasíðan með umsögnum sambandsins um lagafrumvörp og reglugerðardrög, auk fundargerða stjórnarinnar og launanevndar. Starfsmenn sveitarfélaga tengja sig að auki við sérhæfðari málaflokka. Um þessar mundir er að fara af stað enduruppbygging síðunnar þar sem málaflokkar verða látnir ráða flokkun upplýsinga í stað þeirrar skipuritsskiptingar sambandsins í svið sem notuð hefur verið. Þessi breyting ætti að auðvelda upplýsingaleit á síðunni.

Ástæða þess að ég legg svona mikla áherslu á upplýsingastreymið er sú að starfsmenn sambandsins og stjórn þess vinna mjög stefnumiðað og lúta mikilli markmiðsstýringu. Stefnan og markmiðin eru ákveðin á landsþingum og endurskoðuð nokkuð reglulega. Það er svo mikilvægt við stefnumótun sem nær til svo margra þátta eins og reyndin er gagnvart sveitarfélögum að sem flestir komi að henni. Raddir sem flestra þurfa að heyrast þegar stefnan er í mótun og endurskoðun. Menn þurfa að undirbúa sig vel heima í héraði um hina ólíku stefnuþætti áður en fulltrúar þeirra mæta á landsþing sambandsins og taka þar þátt í stefnumótunarvinnunni. Eftir að stefnan er ákveðin er þegar farið að vinna á grundvelli hennar. Öll afstaða formanns sambandsins, stjórnarinnar og starfsmanna þess byggir á þessari stefnu. Í hinni miklu hagsmunagæslu gagnvart ríki er leiðarljósið fyrst og fremst samþykkt stefna sambandsins. Þekking sveitarstjórnarmanna á stefnunni og markmiðunum er því lykilatriði svo menn geti verið samstíga í málefnum sveitarfélaga, bæði í vörn og sókn.

Það er eitt atriði enn sem ég nefni hér sérstaklega í samhengi við aukið samstarf og upplýsingamiðlun milli sambandsins og sveitarstjórnarmanna. Ég tel mikilvægt að efla samskiptin milli mín og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka. Sem formaður LN á sínum tíma og sviðsstjóri kjarasviðs átti ég mjög gott samstarf við framkvæmdastjórana, m.a. um skipulagningu og framkvæmd kynningar- og stefnumótunarfunda víða um land á sviði kjaramála. Ég tel að þetta samstarf megi víkka út á fleiri sviðum og almennt hljóti aukið samstarf okkar að auka gagnkvæma upplýsingamiðlun og skilning öllum til heilla. Þannig getum við í sameiningu eflt okkur í

þjónustuhlutverkinu. Það sama gildir auðvitað um samskipti framkvæmdastjóra sambandsins við framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Við eigum að vera í miklum samskiptum.

Um þessar mundir eru fjármálasamskiptin við ríkið efst á baugi hjá sambandinu. Í nýsamþykktri yfirlýsingu stjórnarinnar kemur fram mikilvægi þess að á næsta ári verði áfram veitt 1,4 milljarða króna aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að það standi ekki til af hálfu fjármálaráðherra að hafa slíkt framlag inn í fjárlagafrumvarpinu. Full ástæða er fyrir fundarmenn hér að spyrja þingmenn sína hvort þeir hyggist styðja frumvarp til fjárlaga sem rýrir tekjur sveitarfélaga með þessum hætti.

Það sama gildir um kröfu stjórnar sambandsins um stuðning við fráveituframkvæmdir sem er enginn í dag, fjármagn til Varasjóðs húsnæðismála, fjárveitinga til áframhaldandi sameininga sveitarfélaga með sama hætti og í sameiningaráttakinu, endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna kaupa á slökkvibúnaði, aukna hlutdeild ríkis í refa- og minkaveiðum og að teknar verði upp viðræður um aukna hlutdeild ríkisins í almenningssamgöngum.

Þetta eru í raun ekki mörg atriði og þau eru tiltölulega vel afmörkuð. Þau skipta öll sveitarfélög miklu máli. Þetta er ekki kröfugerð á hendur ríkinu heldur er hér verið að óska eftir því að sveitarfélögum verði gert mögulegt að sinna áfram lögbundinni þjónustu við íbúa landsins.

Þar sem ég nefni orðið kröfur er vert að íhuga stöðu sveitarfélaga gagnvart ríkinu. Fjármálalegu samskiptin eru fyrst og fremst milli fulltrúa fjármálaráðuneytisins og sambandsins. Ég hef í gengum árin fylgst vel með þessum samskiptum auk þess að hafa í sumum tilvikum tekið beinan þátt í samningaviðræðum við ráðuneytið. Það sem stendur upp úr í þessum efnum er hversu skýrt og grímulaust það kemur fram í viðhorfi fulltrúa fjármálaráðuneytisins að þeir líta einfaldlega á sveitarfélögin sem hvern annan þrýstihóp. Þessu viðhorfi verður að breyta.

Sveitarfélögin eru einfaldlega annar af tveimur aðilum hins opinbera sem annast þjónustu við íbúa þessa lands. Þess vegna eiga ríki og

sveitarfélög að skilgreina þjónustuna betur sameiginlega, forgangsraða henni og verðmeta og skipta síðan skatttekjunum í samræmi við það. E.t.v. fást aldrei fram sanngjörn vinnubrögð í þessum efnum fyrir en búið er að lögbinda fastar og sanngjarnar samskiptareglur milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg málefni. Á ég þá sérstaklega við skiptingu tekjustofna hins opinbera milli aðila í samræmi við sameiginlegt kostnaðarmat vegna opinberrar þjónustu sem veitt er skv. lögum og reglugerðum.

Nú starfar svokölluð Jónsmessunefnd með fulltrúum sambandsins og ráðuneyta sem hefur það verkefni að fara yfir þessi samskiptamál og leggja fram tillögur til úrbóta. Við verðum að binda vonir við að nefndin nái árangri á þessu sviði svo einhvern tíma í náinni framtíð geti menn lifað þann dag að fjármálaráðuneytið hætti að líta á sveitarfélögin sem hvern annan óþægilegan þrýstihóp sem angri það stöðugt með óskum og jafnvel kröfum um fjárveitingar.

Í þessum samskiptamálum við ríkið verður þó að halda til haga að í gegnum árin hafa samskiptin við félagsmálaráðuneytið verið góð og upphafssamskiptin við samgönguráðuneytið, ráðuneyti sveitarstjórnarmála, lofa mjög góðu. Þessi fagraðuneyti þurfa engu að síður að vinna þéttar með sambandinu gagnvart fjármálaráðuneytinu þegar unnið er að hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin.

Að síðustu skila ég bestu kveðjum frá Halldóri Halldórssyni, formanni sambandsins, en hann hafði ekki tæk á að sækja fundinn.